

Borgarráð

Innleiðing frístundastefnu og bætt starfsumhverfi frístundaþjónustu

Stefna um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025 var samþykkt í borgarstjórn 3. október 2017. Í framhaldi var sett af stað vinna við innleiðingu og kostnaðarmat á stefnunni sem skilað var 18. apríl 2018. Starfshópur um bætt starfsumhverfi fagfólks á vettvangi frístundamiðstöðva/frístundastarfs í Reykjavík skilaði skýrslu þann 25. apríl 2018 með 8 tillögum, sem ætlað er að bæta starfsumhverfi í frístundastarfi. Í kjölfarið var farið í forgangsröðun verkefna og tillagna, bæði tillagna sem snéru að innleiðingu frístundastefnunnar og tillagna sem komu frá starfshópi um bætt fagumhverfi frístundamiðstöðva/frístundastarfs. Í hjálögðu minnisblaði skóla- og frístundasviðs eru settar fram 24 tillögur sem lagt er til að borgarráð samþykki. Tillögurnar komi til framkvæmda haustið 2018 og árið 2019. Í meðfylgjandi fylgiskjali eru nánari upplýsingar um hverja og eina tillögu.

Viðauki við fjárhagsáætlun vegna fjármögnun verkefna á árinu 2018 verður lagður fram á næsta fundi borgarráðs og lagt er til að fjármögnun vegna 2019 verði vísað til fjárhagsáætlunargerðar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Minnisblað skóla- og frístundasviðs, dags. 14. maí 2018.

Aðgerðir í frístundamálum - nánari útlistun á tillögum, dags. 14. maí 2018

Reykjavík, 14. maí 2018

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skóla- og frístundasvið

Efni: Tillögur vegna innleiðingar og kostnaðarmat fyrir stefnu um frístundabjónustu Reykjavíkurborgar til 2025 og vegna skýrslu starfshóps um fagumhverfi frístundamiðstöðva/frístundastarfs.

Frístundastefna, verkefni sem fela í sér kostnaðarauka árið 2018 (haustönn) og 2019:

1. Tvöfalda 10-12 ára starfið 30 m. kr.

Í þessum aldurshópi er ákveðinn hópur félagslega óvirkur, þarfnast tilboða og stuðnings frá félagsmiðstöð. Skortur á fjármögnun leiðir til þess að stórir hópar 10-12 ára barna sækja starfið á sama tíma með tilheyrandi álagi á starfsfólk. Illa gengur að vinna markvisst með óformlega námsþætti, líkt og forvarnir, vináttubjálfun, tómstundamenntun við slíkar starfsaðstæður. Skýrsla UNICEF um réttindi barna á Íslandi sýnir að einelti mælist mest í 6. og 7. bekk og tíðni eineltis er hærrí á þessum aldri en hjá unglingum í 8.-10. bekk. Í sömu skýrslu kemur fram að 12% barna í 6. bekk segjast hafa orðið fyrir miklu einelti og um helmingur þeirra sem verða fyrir miklu einelti upplifa vanlíðan og kvíða í kjölfarið. Því er mikilvægt að lengja opnunartíma í félagsmiðstöðvum fyrir miðstíg. Hér er gert ráð fyrir að opnun verði lengt í 2 skipti í viku haustið 2018, og 3 skipti í viku haustið 2019. Kostnaður á árinu 2018 er kr. 30m.kr., kostnaðarauki árið 2019 er 102 m.kr. (þ.e. vegna tveggja skipta á vorönn og þriðja skiptis/opnunar á haustönn 2019.)

2. Auka stuðning í félagsmiðstöðvastarfi fyrir börn og unglínga 31 m. kr.

Börn fá stuðning í leikskóla, grunnskóla og á frístundaheimilum hjá Reykjavíkurborg fram að 9 ára aldri. Þegar barn er komið í 5. bekk getur það fengið stuðning í skólastarfi en ekki félagsmiðstöðvastarfi. Eingöngu er hægt að fá stuðning í sértækum félagsmiðstöðvum að uppfylltum tilteknum skilyrðum, þ.e. fötlunargreiningu. Stuðningur í almennt félagsmiðstöðvastarf verði útteilt frá frístundamiðstöðinni Kringlumýri á sama hátt og gert er vegna barna sem þarfnast stuðnings á frístundaheimilum. Félagsmiðstöðin þarf að sækja um stuðning til Kringlumýrar og leggja fram þjónustubörf barnsins sem um ræðir í samvinnu við foreldra. Þar verði stuðningspottur og útteilt úr honum m.v. stuðningsþörf barnsins og sú stuðningsþörf metin þrisvar á ári í samráði við foreldra barnsins. Samkvæmt upplýsingum úr djúpgreiningarhópi frístundamiðstöðva eru rúmlega 230 fötluð börn á aldrinum 10-16 ára sem sækja ekki þjónustu til félagsmiðstöðva. Auk þess er fjöldi barna sem mæta og eru virkir þátttakendur í félagsmiðstöðvastarfi sem þarfnast stuðnings en fá hann ekki og setur starfsemi félagsmiðstöðva í uppnám og ógna öryggi annarra barna og starfsmanna. Þetta eru börn sem eru ekki með fötlunargreiningar þ.e. falla ekki undir málaflokk fatlaðra en eru með alvarleg hegðunarvandamál. Dæmi eru um að börn komi í félagsmiðstöðvar með liðveislu með sér en almennur stuðningur félagsmiðstöðvarinnar við þau börn sem á honum þurfa að halda hefur hingað til ekki verið til staðar. Kostnaðarauki á árinu 2019 er 84 m. kr.

3. Listamenn með söng og dans á frístundaheimilum 3,5 m.kr.

Verkefnið var sett á laggirnar 2018 og er mikil lyftistöng f. starfið og voru börnin í Breiðholti með söngsýningu síðasta vetrardag sem var frábær, viljum styðja við listastarf í Breiðholtinu með öllum ráðum. Í skýrslu um samfelldan dag barna kom fram að minnst framboð er af skapandi starfi f. börnin í Breiðholti. Kostnaður v. 2019 kr. 7,5 m.kr.



4. **Ferðakostnaður vegna heimsóknna barna á menningar- og listastofnanir 2 m.kr.**
Kostnaður vegna 2019 er 4.m.kr.
5. **Efla hópastarf í tónlist í samstarfi við Tónlistarskóla FÍH 2 m.kr.**
Miðast við aldurshópinn 12-16 ára. Kostnaður vegna 2019 er 4,4 m.kr.
6. **Stórfundir fyrir ungmenni í hverjum borgarhluta 16+ 1,25 m.kr.**
Haldnir verðir stórfundir á vegum Ungmennaráða Reykjavíkur sem komi til framkvæmda haustið 2018. Kostnaður v. 2019 kr. 1,25 m.kr.
7. **Átak verði gert í markaðs- og kynningarstarfi á frístundastarfi fyrir eldri borgara 0,5 m.kr.**
Unnið í samstarfi við Vinnumálastofnun. Kostnaður vegna 2019 0,5 m.kr.
8. **Endurvekja 5% sjóðinn til að ná til þeirra sem ekki sinna skipulögðu frístundastarfi.**
Markmiðið er að koma þeim í almennt frístundastarf að námskeiði loknu. Gera þarf ráð fyrir herra nýtingahlutfalli á frístundakortum frá því sem nú er. Kostnaður vegna 2019 er 47,7 m.kr. Útbúa þarf verkferli og reglur í kringum úthlutun vegna þessa.
9. **Einfalda innritun á frístundaheimilin**
Endurskoða og einfalda innritun á frístundaheimilin með þeim hætti að það sé bara skráð einu sinni þegar barn hefur skólagöngu og svo óskað eftir fríum eins og í leikskólum. Gera fyrst tilraun með þetta t.d. í Guluhlíð og Öskju. Gera þetta í skrefum á nokkrum árum. Kostnaður gæti falist í forritun á Völu-Frístund varðandi þetta, 1 m.kr. vegna ársins 2019.
10. **Reykjavíkurráð ungmenna haldi tvo stórfundi árið 2019**
Hér er gert ráð fyrir að Reykjavíkurráð ungmenna haldi tvo stórfundi á árinu 2019 eins og 2018, 0,5 m.kr. Þessi fjárveiting var sett einn sem einskíptiskostnaður árið 2018 og því ekki í fjárhagsramma SFS.
11. **Kortlagning á félagslegri stöðu og þátttöku í frístund.**
Gera tilraun í tveimur grunnskólum þar sem unnin er kortlagning á félagslegri stöðu barna og unglinga og þátttöku þeirra í frístundastarfi. Vinna gátlista eða bæklinga til að nota við kortlagninguna, 0,5 m.kr. vegna ársins 2019.
12. **Aukin þátttaka barna með annað móðurmál en íslensku.**
Tilraunaverkefni í tveimur hverfum þar sem unnið verður markvisst með að auka þátttöku barna með annað móðurmál en íslensku í 5.-10. bekk í félagsmiðstöðvastarfi, 2 m.kr. vegna ársins 2019.

Sameiginleg tillaga frístundastefnu og starfshóps um vinnuumhverfi – mikilvæg aðgerð vegna manneklu.

1. **Ráðning fagmenntaðra starfsmanna í fullt starf, að jafnaði á hvert frístundaheimili kostnaður haust 2019 66,2 m.kr.**
Ástæða er til að hafa miklar áhyggjur af fyrirsjáanlegri manneklu á frístundaheimilum haustið 2018. Í vor útskrifast 40 nemar úr tómstunda- og félagsmálafræði HÍ og það væri fengur að ná í þá í 100% starf í frístundaheimilin, það eflir fagstarfið og býr til stöðugleika í starfsmannahaldinu en miklar mannabreytingar einkenna starfsemi frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva, en starfsmannavelta er 45% á ársgrundvelli, þ.e. 45% þeirra starfsmanna sem voru við störf haustið 2016 voru ekki við störf að hausti 2017. Lágst starfshlutfall og stuttur starfstími á ársgrundvelli ýtir undir brottfall úr starfi. Um 33% starfsmanna í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum eru yngri en 25 ára og rétt um 20% starfsmanna eru eldri en 36 ára (líklega flestir stjórnendur). Taka þarf tillit til aldurssamsetningar hópsins við skipulag starfseminnar og veita markvissan stuðning við starfsfólk. Nýta má svigrúm sem hefur skapast vegna manneklu undanfarinna misser til að fjármagna aðgerðina. Afgangur á launum vegna manneklu í frístundaheimilum í fjárhagsáætlun 2017 var 202 milljónir. Afgangur af launum fyrstu 3ja



mánaða 2018 í frístundaheimilunum vegna manneklu er 24,8 m. Kostnaður við einn fagmenntaðan starfsmann að jafnaði á hvert frístundaheimili á ársgrundvelli er um 266 m.kr. og frá þeirri upphæð dregst síðan 46% starfshlutfall sem er í fjárhagsramma frístundaheimilanna tæpar 80 m.kr. Á árinu 2018 er gert ráð fyrir að hægt verði að fjármagna aðgerðina að fullu með afgangi á launalið frístundar vegna manneklu og að líkindum að stórum hluta einnig á árinu 2019. Kostnaður 2020 kr. 187,8 m.

Verkefni þessara starfsmanna, fyrir utan að vinna með börnunum á frístundaheimilunum eftir hádegi og langa daga, jólaleyfum páskaleyfum (allt að 16 dagar á skólaárinu) grunnskólanna, væru fyrst og fremst að styðja við fagstarf og forvarnarstarf í frístundaheimilum og grunnskólum með börnum í 1. – 4. bekk, þannig að stjórnendur frístundaheimila geti sinnt betur móttöku nýliða (45% starfsmannavelta og ungt og ófagmenntaðir starfsmenn), sinna samstarfi við leik- og grunnskóla. Vinna að framgangi og innleiðingu frístundastefnu og menntastefnu og sjá einnig verkefni listuð upp á bls. 22 í fagumhverfisskýrslu. Þessi aðgerð er líklegust til árangurs til að fyrirbyggja manneklu haustins, styrkja fagstarf frístundaheimila og létta álagi á stjórnendum.

Starfshópur um vinnuumhverfi frístundamiðstöðva, verkefni sem fela í sér kostnaðarauka árið 2018 (haustönn) og 2019:

1. Auka undirbúningstíma starfsfólks 12,2 m.kr.

Lagt er til að undirbúningstími starfsfólks frístundaheimila verði aftur breytt í fyrra horf frá hagræðingu sem gerð var eftir hrun. Undirbúningstími almennra starfsmanna verði því aftur 30 mínútur á dag í stað 20 mínútna. Í dag fá almennir starfsmenn frístundaheimila ekki undirbúningstíma sem hægt er að nýta í neitt annað en að mæta á staðinn, ræða verkefni dagsins og sækja svo börnin í grunnskólann. Allt skapandi starf frístundaheimilanna líður fyrir þessa skerðingu. Undirbúningstíminn er mikilvægur þáttur í allri starfsemi og aukning hans leiðir til þess að fagstarfið verður betra, ýtir undir meiri virðingu fyrir starfinu og stuðlar að auknu starfshlutfalli (sem leiðir til meiri stöðugleika í starfsmannahópnum). Flestir starfsmenn frístundaheimila eru ungir námsmenn sem þurfa leiðsögn og stýringu í upphafi dags og undirbúa þarf vinnustöðvar dagsins þar sem starfsemin er dreifð þ.e. fer fram á mörgum stöðum. Forstöðumaður frístundaheimilis verður að hafa tækni á því að leggja línur fyrir daginn og stýra hlutastarfsmönnum. Kostnaður vegna 2019 er áætlaður 28,5 m.kr.

2. Námskeið starfsmanna í persónulegri eflingu og færni 4 m.kr.

Lagt er til að frístundamiðstöðvar fái sérstakt fjármagn tvisvar á ári til að efla starfsandann og byggja undir jákvætt starfsumhverfi. Í rýnihópum og viðhorfskönnun starfsmanna í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum kom fram að þrátt fyrir mikið álag og manneklu hafa þeir almennt ánægju af starfinu og að starfsandinn er góður. Mikilvægt er að byggja enn frekar á styrkleikum starfseminnar með því að viðhalda þessari jákvæðni og efla vellíðan á meðal frístundarstarfsmanna. Það má leiða líkum að því að ánægður starfsmaður sé líklegri til þess að endast lengur í starfi, vera minna frá vinnu og tilbúinn til að leggja meira á sig. Stuðla þarf að því starfsmenn njóti sín og hæfileika sinna í starfi og að starfsstöðvum séu gefin tækifæri og svigrúm til að halda uppi starfsánægju með margvíslegum hætti. Síðast liðið haust var starfshópur (viðbragðsteymi) sem kom með tillögu sem mikil ánægja var með og hrint var í framkvæmd en þar fékk hver starfsstaður upphæð 7.500 krónur á starfsmann til að starfsstaðurinn geti eftir liðsheild starfshópsins og honum umbunað vegna mikils álags. Starfsmenn frístundaheimila og sértæku félagsmiðstöðvanna tala enn um mikilvægi þess að hafa upplifað umbun fyrir starf sitt í fyrra þar sem hver starfsstaður útfærði eitthvað skemmtilegt og jákvætt fyrir starfsmenn sína. Kostnaður vegna þessa á haustönn 2018 væri tæpar 4 m.kr. en á heilsársgrundvelli 8 m.kr. vegna 2019.

3. Móttaka nýliða 1 m.kr.

Fyrir liggur að mikil starfsmannavelta er í frístundastarfinu, brottfall starfsmanna í frístundastarfinu um 45% á milli árunna 2016 og 2017. Því þarf að finna leiðir til að efla móttöku nýliða og hlúa vel að þeim.



Verðmætið sem í mannauðnum felst hefur jákvæð áhrif á starfsemina og því lengur sem starfsmaður helst í starfinu, því öflugri verður starfsemin og fagstarfið. Jákvæð reynsla af vinnustaðnum, samskiptum, stjórnun og skipulagi geta dregið úr þeirri starfsmannaveltu sem er landlæg í frístundaheimilunum. Kostnaður og tími við að ráða og þjálfa nýja starfsmenn er mikill, því er nauðsynlegt að nýta allar leiðir til að gera starfsemina hagkvæmari. Fjármunum sem varið er í móttöku nýrra starfsmanna, myndun jákvæðra tengsla og þjálfun er vel varið. Nýir starfsmenn þurfa að þekkja skyldur sínar og fá upplýsingar sem stjórnendur og samstarfsmenn telja nauðsynlegar. Kostnaður vegna námskeiðs og þjálfunar fyrir nýja starfsmenn er áætlað 1 m.kr. á haustönn 2018 og kostnaður vegna 2019 á ársgrundvelli 2 m.kr.

4. Rannsóknir og þróunarverkefni 1 m.kr.

Einn af lykilþáttum í fagþróun er menntun starfsmanna. Þar með fjölga fagfólki, rannsóknnum fjölga og starfið verður faglegra. Það er mikilvægt að halda í og ná í fleira starfsfólk sem leggur stund á tómtunda- og félagsmálafræði. Kortleggja þarf betur hvers konar rannsókn er þörf á fagsviðinu og er lagt til að SFS og Rannsóknarstofa í tómtunda- og félagsmálafræðum (RannTóm) vinni saman að því verkefni. Lagt er til að Reykjavíkurborg geri samning við RannTóm um að rannsaka hvaða áhrif þátttaka í frístundastarfi, s.s. félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum, getur haft á þroska og velferð barna og ungmenna. Kostnaður 1 m.kr. haustið 2018 og 2 m.kr. árið 2019 á heilsársgrunni.

5. **Kynningarátak um störf í frístundamiðstöðvum 1 m.kr.** verði sett verði af stað bæði innan SFS, fyrir önnur svið borgarinnar og samfélagið, til að kynna þá faglegu starfsemi og forvarnarstarf sem fer fram á frístundamiðstöðvum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum. Kynning og ímyndarvinna varðandi starfsemi frístundamiðstöðva, frístundaheimila og félagsmiðstöðva er lykilþáttur varðandi bætt starfsumhverfi og eflingu fagstarfs. Markmið kynningarátaksins verði meðal annars að auka virðingu fyrir starfinu og leiðréttu það viðhorf að um „geymslustað“ sé að ræða. Tryggja þarf að skólastjórnendur og starfsmenn grunnskóla og leikskóla séu upplýstir um þá starfsemi sem fer fram á vegum frístundamiðstöðvanna og líti á starfsfólk frístundaheimila, félagsmiðstöðva og frístundamiðstöðva sem mikilvæga samstarfsaðila í uppeldi og menntun barna og unglunga. Einnig verði horft til samstarfs við menntastofnanir varðandi vísindafærðir, starfsnám, starfskynningar og valfög fyrir nemendur úr efstu bekkjum grunnskólans og upp í háskóla. Lagt verði upp með að kynna nám og starfsvettvang þannig að frístundaheimili og félagsmiðstöðvar verði sýnilegri og ákjósanleganlegurkostur við val á námi og framtíðarstarfi. Kynningarátakið verði unnið í samvinnu við mannauðsskrifstofu skóla- og frístundasviðs og byggji meðal annars ofan á það áttak sem þegar er í gangi til að laða fólk í störf í leik- og grunnskólum borgarinnar. Kostnaður vegna haustannar 2018 1 m. kr. og vegna ársins 2019 2 m.kr.

6. Færri börn pr. starfsmann í frístundaheimilum.

Álag í starfi stafar að miklu leyti af fjölda barna á hvern starfsmann, samkvæmt rýnihópum starfsfólks. Fyrir nokkrum árum voru talin 12 börn á starfsmann í 1. bekk og 14 börn í 2.- 4. bekk. Samkvæmt reglum um þjónustu frístundaheimila sem samþykktar voru haustið 2017 er gert ráð fyrir 13 börnum á starfsmann í 1. bekk og 16 börnum í 2.-4. bekk á hvern starfsmann. Munar sú breyting mjög miklu á frístundaheimili sem flest telja yfir 100 börn í dag. Að fækka börnum á starfsmenn er stórt skref til þess að draga úr álagi og auka tíma fyrir undirbúning. Lagt er til að talin verði 12 börn í 1. bekk og 14 börn í 2.-4. bekk eins gert var fyrir hagræðingaraðgerðir Reykjavíkurborgar. Kostnaður á heilsársgrundvelli er 55 m. kr. en vegna ársins 2019 kr. 26 m. þ.e. frá hausti 2019.

7. a. Húsnæðismál frístundamiðstöðva, frístundaheimila og félagsmiðstöðva

Húsnæðismál frístundamiðstöðva, frístundaheimila og félagsmiðstöðva verði kortlögð með tilliti til þess að tryggja starfsmönnum viðunandi aðstöðu til uppbyggjandi starfa með börnum og unglungum. Velliðan barna og starfsmanna verði jafnframt höfð að leiðarljósi við vinnuna. Fara þarf yfir allt húsnæði og búnað þar sem starfsemi fer fram, taka út aðstöðuna á grundvelli viðmiða um húsnæði



og aðbúnað félagsmiðstöðva og frístundaheimila skv. ytra mati SFS, Æskulýðslaga og gæðaviðmiða frístundaheimila (mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2017) og Laga um hollustuhætti, aðbúnað og öryggi á vinnustað. Gera þarf úrbótaáætlun, forgangsraða verkefnum og tryggja fjármagn í endurbætur og nýframkvæmdir. Setja af stað starfshóp frá USK, SEA og SFS.

b. Fjármagn á fjárfestingaráætlun í viðhald og endurbætur.

Metið á forsendum úttektar starfshóps sjá lið 7a.

8. Heilsársrekin frístundaheimili.

Öll frístundaheimilin verða opin sumarið 2018, 9 milljónir eru í fjárhagsramma frístundamiðstöðva vegna ársins 2018. Gert er ráð fyrir 60% þátttöku barna í 1.-4. bekk sem eru á frístundaheimilum sumarið 2018 og óskað er eftir að auka það í 70% fyrir sumarið 2019 og er viðbótarkostnaður vegna þess er 36 m. kr.

9. Forgangur fyrir börn starfsmanna leikskóla, frístundaheimila, sértækra félagsmiðstöðva og leikskóla í vistun í leikskóla og frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar

Tillagan kallar ekki á viðbótarfjármagn en gæti leitt til þess að fólk kjósi frekar að koma til starfa á leikskólum og frístundaheimilum.

10. Markvissara samstarf frístundaheimila og félagsmiðstöðva við grunnskóla

Tillaga um að auka samstarf frístundar og grunnskóla með heildarhagsmuni barna og unglunga í að leiðarljósi. Starfshópur skipaður fulltrúum fagskrifstofu, grunnskóla og frístundamiðstöðva verði stofnaður til vinna að framgangi þessa. Hluti af vinnu starfshóps verði að halda málþing með fulltrúum frístundamiðstöðva og grunnskóla til að efla gagnkvæman skilning á möguleikum og tækifærum í öflugra samstarfi. Starfshópurinn skili af sér tillögum til skóla- og frístundaráðs eigi síðar en 1. nóvember 2018.

11. Fjölga starfsdögum um einn dag.

Fjölga skilgreindum starfsdögum frístundaheimila um einn dag til þess að efla faglegt samtal og samráð starfsmanna. Í dag hafa frístundaheimilin aðeins tvo valkvæða skipulagsdaga, þ.e. einn á hvorri önn. Vetrarleyfin, sem eru samanlagt 5 dagar yfir skólaárið, nýta frístundaheimilin til skipulags og til fræðslu auk þess sem starfsmenn skipuleggja viðburði fyrir fjölskyldur í hverfunum í vetrarleyfum grunnskólanna. Af þessu er ekki viðbótarkostnaður en þjónustuskerðing fyrir foreldra um einn dag í frístundaheimili.

Aðgerðir í frístundamálum

Innleiðingarætlun frístundastefnu	2018	2019
1. Aukið 10-12 ára starf	30,0 m.kr.	102,0 m.kr.
2. Aukinn stuðningur í félagsmiðstöðvastarf	31,0 m.kr.	84,0 m.kr.
3. Listamenn í frístundaheimili	3,5 m.kr.	7,5 m.kr.
4. Ferðakostnaður í menningarstofnanir	2,0 m.kr.	4,0 m.kr.
5. Hópastarf í tónlist	2,0 m.kr.	4,4 m.kr.
6. Stórfundir ungmenna 16 +	1,2 m.kr.	1,2 m.kr.
7. Markaðsátak f. frístund eldri borgara	0,5 m.kr.	0,5 m.kr.
8. Endurvekja 5% sjóð frístundakortsins		47,7 m.kr.
9. Einfalda innritun á frístundaheimilin	1,0 m.kr.	
10. Stórfundir Reykjavíkurráðs ungmenna verði 2 á ári		0,5 m.kr.
11. Kortlagning á félagslegri stöðu barna og unglunga		0,5 m.kr.
12. Auka þátttöku barna með annað móðurmál en íslensku		2,0 m.kr.
Aðgerð úr frístundastefnu og starfshópi um vinnuumhverfi	2018	2019
1. Fjölgun fagmenntaðra starfsmanna í 100% heilsárstarf		66,2 m.kr.
Starfshópur um vinnuumhverfi frístundamiðstöðva	2018	2019
1. Auka undirbúningstíma starfsfólks	12,2 m.kr.	28,5 m.kr.
2. Námskeið starfsmanna í persónulegri eflingu og færni	4,0 m.kr.	8,0 m.kr.
3. Móttaka nýliða þmt nýliðanámskeið	1,0 m.kr.	2,0 m.kr.
4. Rannsóknir og þróunarverkefni	1,0 m.kr.	2,0 m.kr.
5. Kynningarátak um störf í frístundaheimilum og félagsmiðst.	1,0 m.kr.	2,0 m.kr.
6. Færri börn pr. starfsmann		26,0 m.kr.
7. Húsnæðisúttekt til 3-5 ára	án kostnaðarmats	
8. Heilsársrekin frístundaheimili		36,0 m.kr.
9. Forgangur f. börn frístundarstarfsmanna í leikskóla/frístund	án kostn.	án kostn.
10. Markvissara samstarf frí og grunn – starfshópur	án kostn.	án kostn.
11. Fjölga starfsdögum frístundaheimila um einn dag	án kostn.	án kostn.